

Samningur milli ríkisstjórnar Lýðveldisins Íslands og ríkisstjórnar Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands til að komast hjá tvísköttun og koma í veg fyrir undanskot frá skattlagningu á tekjur og söluhagnað af eignum.

Ríkisstjórn Lýðveldisins Íslands og ríkisstjórn Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands, sem óska að gera með sér samning til að komast hjá tvísköttun og koma í veg fyrir undanskot frá skattlagningu á tekjur og söluhagnað af eignum, hafa komið sér saman um eftirfarandi:

1. gr.

Aðilar sem samningurinn tekur til

Samningur þessi tekur til aðila sem eru heimilisfastir í öðru eða báðum aðildarríkjunum.

2. gr.

Skattar sem samningurinn tekur til

1. Þeir skattar sem samningur þessi tekur til eru:

a) á Íslandi:

- (i) tekjuskattur til ríkisins;
- (ii) tekjuútsvar til sveitarfélaga; (hér eftir nefndir "íslenskur skattur");

b) í Sameinaða konungsríkinu Stóra-Bretlandi og Norður-Írlandi:

- (i) tekjuskatturinn;
- (ii) félagaskatturinn;
- (iii) skattur af söluhagnaði eigna; (hér eftir nefndir "skattur Sameinaða konungsríkisins").

2. Samningurinn skal einnig taka til allra þeirra skatta, sömu eða svipaðrar tegundar, sem lagðir verða á af öðru hvoru aðildarríkjanna eftir undirskrift hans til viðbótar eða í staðinn fyrir þá skatta aðildarríkisins sem um ræðir í 1. tl. þessarar greinar. Bær stjórnvöld í aðildarríkjunum skulu gefa hvort öðru upplýsingar um allar meiri háttar breytingar sem gerðar eru á skattalöggjöf ríkjanna.

3. gr.

Almennar skilgreiningar

1. Í samningi þessum merkja neðangreind hugtök eftirfarandi, nema annað leiði af samhenginu:

a) "Ísland" merkir Lýðveldið Ísland þar með talið sérhvert það svæði sem liggur að landhelgi Íslands þar sem, samkvæmt íslenskum lögum og í samræmi við þjóðarrétt, Ísland hefur fullveldisréttindi að því er varðar rannsóknir og hagnýtingu náttúruauðlinda hafsbotsins og botnlaga hans;

b) "Sameinaða konungsríkið" merkir Stóra-Bretland og Norður-Írland þar með talið sérhvert það svæði utan landhelgi Sameinaða konungsríkisins sem í samræmi við þjóðarrétt hefur verið eða gæti síðar verið skilgreint, samkvæmt löggjöf Sameinaða konungsríkisins varðandi landgrunnið, sem svæði þar sem réttindum Sameinaða konungsríkisins verður beitt að því er varðar hafsbotninn og botnlög hans og náttúruauðlindir þeirra;

c) "ríkisborgari" merkir:

(i) að því er Ísland varðar, sérhvern mann sem hefur íslenskt ríkisfang og sérhverja persónu að lögum, sameignarfélag, samtök eða stofnun sem byggir réttarstöðu sína sem slíka á gildandi lögum á Íslandi;

(ii) að því er Sameinaða konungsríkið varðar, sérhvern breskan ríkisborgara eða sérhvern breskan þegn sem ekki hefur ríkisborgararéttindi í neinu öðru samveldislandi eða yfirráðasvæði, þó að því tilskildu að hann hafi dvalarleyfi í Sameinaða konungsríkinu; og sérhverja persónu að lögum, sameignarfélag, samtök eða stofnun sem byggir réttarstöðu sína sem slíka á gildandi lögum í Sameinaða konungsríkinu;

d) "skattur" merkir íslenskan skatt eða skatt Sameinaða konungsríkisins eftir því sem efnið gefur til kynna;

e) "aðildarríki" og "hitt aðildarríkið" merkja Ísland eða Sameinaða konungsríkið eftir því sem efnið gefur til kynna;

f) "aðili" merkir mann, félag og sérhver önnur samtök aðila en felur ekki í sér sameignarfélög sem ekki eru talin persónur að lögum að því er skatta varðar í öðru hvoru aðildarríkjanna;

g) "félag" merkir sérhverja persónu að lögum eða sérhverja aðra stofnun sem telst persóna að lögum að því er skatta varðar;

h) "fyrirtæki í aðildarríki" og "fyrirtæki í hinu aðildarríkinu" merkir fyrirtæki sem rekið er af aðila, heimilisföstum í aðildarríki, og fyrirtæki sem rekið er af aðila, heimilisföstum í hinu aðildarríkinu;

i) "flutningar á alþjóðaleiðum" merkir flutninga með skipi eða loftfari sem rekið er af fyrirtæki sem hefur raunverulega framkvæmdastjórn í aðildarríki, nema því aðeins að skipið eða loftfarið sé eingöngu notað milli staða í hinu aðildarríkinu;

j) "stjórn landshluta" í sambandi við Sameinaða konungsríkið felur í sér Norður-Írland;

k) "bær stjórnvöld" merkir, að því er Ísland varðar, fjármálaráðherra eða umboðsmann hans og, að því er Sameinaða konungsríkið varðar, forstöðumenn ríkisskattstofunnar eða umboðsmenn þeirra.

2. Við framkvæmd aðildarríkis á ákvæðum samnings þessa skulu, nema annað leiði af efninu, öll hugtök, sem ekki eru skilgreind í samningnum, hafa sömu merkingu og í lögum viðkomandi aðildarríkis að því er varðar skatta þá sem samningurinn tekur til.

4. gr.

Heimilisfesti að því er skattskyldu varðar

1. Í samningi þessum merkir hugtakið "aðili heimilisfastur í aðildarríki" sérhvern þann aðila sem að lögum þess ríkis er skattskyldur þar vegna heimilisfesti, búsetu,

stjórnaraðseturs eða af öðrum svipuðum ástæðum. Hugtakið felur ekki í sér neinn þann aðila sem eingöngu er skattskyldur í þessu ríki af tekjum eða söluhagnaði af eignum sem eiga uppruna sinn í því ríki.

2. Þegar maður telst heimilisfastur í báðum aðildarríkjunum samkvæmt 1. tl. þessarar greinar skal úrskurða málið eftir neðangreindum reglum:

a) maður telst heimilisfastur í því aðildarríki þar sem hann á fast heimili. Eigi hann fast heimili í báðum aðildarríkjunum telst hann heimilisfastur í því aðildarríki sem hann er nánar tengdur persónulega og fjárhagslega (miðstöð persónuhagsmuna);

b) ef ekki er unnt að ákvarða í hvoru aðildarríkinu maður hefur miðstöð persónuhagsmuna sinna, eða ef hann á í hvorugu aðildarríkinu fast heimili, telst hann heimilisfastur í því aðildarríki þar sem hann dvelst að jafnaði;

c) ef maður dvelst að jafnaði í báðum aðildarríkjunum eða í hvorugu þeirra, telst hann heimilisfastur í því aðildarríki þar sem hann á ríkisfang;

d) ef maður á ríkisfang í báðum eða hvorugu aðildarríkjanna skulu bær stjórnvöld í aðildarríkjunum leysa málið með gagnkvæmu samkomulagi.

3. Þegar aðili, annar en maður, telst eiga heimilisfesti í báðum aðildarríkjunum samkvæmt 1. tl. þessarar greinar telst hann heimilisfastur í því ríki þar sem raunveruleg framkvæmdastjórn hans hefur aðsetur.

5. gr.

Föst atvinnustöð

1. Í samningi þessum merkir hugtakið "föst atvinnustöð" fasta atvinnustofnun þar sem starfsemi fyrirtækisins fer að nokkru eða öllu leyti fram.

2. Hugtakið "föst atvinnustöð" merkir einkum:

a) aðsetur framkvæmdastjórnar;

b) útibú;

c) skrifstofu;

d) verksmiðju;

e) verkstæði;

f) búnað eða mannvirki notað til rannsókna á náttúruauðlindum;

g) námu, olú- eða gaslind, grjótnámu eða sérhvern annan stað til náms eða hagnýtingar náttúruauðæfa.

3. Byggingarframkvæmd eða samsetningar- eða uppsetningarvinna telst því aðeins föst atvinnustöð að framkvæmdir standi yfir lengur en tólf mánuði.

4. Þrátt fyrir framangreind ákvæði þessarar greinar tekur hugtakið "föst atvinnustöð" ekki til:

a) nýtingar aðstöðu sem einskorðuð er við geymslu, sýningu eða afhendingu á vörum í eigu fyrirtækisins;

b) birgðahalds á vörum í eigu fyrirtækisins sem eingöngu eru ætlaðar til geymslu, sýningar eða afhendingar;

c) birgðahalds á vörum í eigu fyrirtækisins sem eingöngu eru ætlaðar til vinnslu hjá öðru fyrirtæki;

d) fastrar atvinnustofnunar sem eingöngu er notuð í sambandi við vörukaup eða öflun upplýsinga fyrir fyrirtækið;

e) fastrar atvinnustofnunar sem eingöngu er notuð til að annast sérhverja aðra undirbúnings- eða aðstoðarstarfsemi fyrir fyrirtækið;

f) fastrar atvinnustofnunar sem nýtt er eingöngu til að samhæfa starfsemi sem fellur undir staflíði a. – e. þessarar greinar, enda felist sú starfsemi sem fram fer í þessari föstu atvinnustofnun vegna þessarar samhæfingar í heild sinni í undirbúnings- eða aðstoðarstörfum.

5. Ef aðili sem ekki er óháður umboðsaðili samkvæmt ákvæðum 6. tl. þessarar greinar hefur á hendi starfsemi fyrir fyrirtæki og hefur heimild í aðildarríki til að gera samninga fyrir fyrirtækið, og beitir þessari heimild að jafnaði, er fyrirtæki þetta – þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. tl. þessarar greinar – talið hafa fasta atvinnustöð í því ríki vegna hvers konar starfsemi sem aðilinn gegnir fyrir fyrirtækið. Þetta á þó ekki við ef starfsemi þessa aðila er takmörkuð við þá starfsemi sem um ræðir í 4. tl. þessarar greinar og sem myndi ekki, þótt innt væri af hendi á fastri atvinnustofnun, gera þessa föstu atvinnustofnun að fastri atvinnustöð samkvæmt ákvæðum þess töluliðar.

6. Fyrirtæki telst ekki hafa fasta atvinnustöð í aðildarríki eingöngu vegna þess að það rekur þar viðskipti fyrir milligöngu miðlara, umboðsmanns eða annars óháðs umboðsaðila, svo framarlega sem þessir aðilar koma fram innan marka venjulegs atvinnurekstrar síns.

7. Þótt félag sem er heimilisfast í aðildarríki stjórn eða sé stjórnað af félagi sem er heimilisfast í hinu aðildarríkinu eða rekur viðskipti í síðarnefnda ríkinu (annaðhvort fyrir milligöngu fastrar atvinnustöðvar eða á annan hátt), leiðir það í sjálfu sér ekki til þess að annað hvort þessara félaga sé föst atvinnustöð hins.

6. gr.

Tekjur af fasteign

1. Tekjur sem aðili heimilisfastur í aðildarríki hefur af fasteign (þar með taldar tekjur af landbúnaði og nýtingu skógar) sem staðsett er í hinu aðildarríkinu má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.

2. Hugtakið "fasteign" skal skýra í samræmi við lög þess aðildarríkis þar sem fasteignin er. Í öllum tilvikum felur hugtakið í sér fylgifé með fasteign, áhöfn og tæki, sem notuð eru í landbúnaði og við skógarnytjar, réttindi varðandi landeignir samkvæmt reglum einkamálaréttarins, afnotarétt af fasteign og rétt til fastrar eða breytilegrar þóknunar sem endurgjald fyrir hagnýtingu eða rétt til að hagnýta námur, lindir og aðrar náttúruauðlindir. Skip, bátar og loftför teljast ekki til fasteigna.

3. Ákvæði 1. tl. þessarar greinar gilda um tekjur af beinni hagnýtingu, leigu og hvers konar öðrum afnotum fasteignar.

4. Ákvæði 1. og 3. tl. þessarar greinar gilda einnig um tekjur af fasteign í eigu fyrirtækis og um tekjur af fasteign sem hagnýtt er við sjálfstæða starfsemi.

7. gr.

Tekjur af atvinnurekstri

1. Hagnaður fyrirtækis í aðildarríki er skattskyldur einungis í því ríki nema fyrirtækið hafi með höndum atvinnurekstur í hinu aðildarríkinu frá fastri atvinnustöð þar. Ef fyrirtækið hefur slíkan atvinnurekstur með höndum má leggja skatt á hagnað fyrirtækisins í síðarnefnda ríkinu, en þó einungis að því marki sem hagnaðurinn stafar frá nefndri fastri atvinnustöð.
2. Þegar fyrirtæki í aðildarríki hefur með höndum atvinnurekstur í hinu aðildarríkinu frá fastri atvinnustöð þar, skal hvort aðildarríkið um sig – nema annað leiði af ákvæðum 3. tl. þessarar greinar – telja föstu atvinnustöðinni þann hagnað sem ætla má að fallið hefði í hennar hlut ef hún hefði verið sérstakt og sjálfstætt fyrirtæki sem hefði með höndum sams konar eða svipaðan atvinnurekstur við sömu eða svipaðar aðstæður og kæmi sjálfstætt fram í skiptum við fyrirtæki það sem hún er föst atvinnustöð fyrir.
3. Við ákvörðun hagnaðar fastrar atvinnustöðvar skal leyfa sem frádrátt útgjöld, þar með talinn kostnað við framkvæmdastjórn og venjulegan stjórnunarkostnað sem leiða af því að hún er föst atvinnustöð og sem með sannsýni geta talist tengd þeim hagnaði sem ákvarðaður er föstu atvinnustöðinni. Þetta gildir hvort heldur útgjöldin eru til orðin í því ríki þar sem fasta atvinnustöðin er eða annars staðar.
4. Að því leyti sem venja hefur verið í aðildarríki að ákvarða hagnað fastrar atvinnustöðvar á grundvelli skiptingar heildarhagnaðar fyrirtækisins á hina ýmsu hluta þess skal ekkert í 2. tl. útiloka það aðildarríki frá því að ákveða skattskyldan hagnað eftir þeirri skiptingu sem tíðkast hefur. Aðferð sú, sem notuð er við skiptinguna, skal samt sem áður vera slík að niðurstaðan verði í samræmi við þær meginreglur sem felast í þessari grein.
5. Engan hagnað skal telja fastri atvinnustöð eingöngu vegna vörukaupa hennar fyrir fyrirtækið.
6. Við beitingu ákvæða framangreindra töluliða skal hagnaður, sem talinn er fastri atvinnustöð, ákvarðast eftir sömu reglum frá ári til árs nema fullnægjandi ástæða sé til annars.
7. Þegar hagnaðurinn felur í sér tekjur eða söluhagnað af eignum sem sérstök ákvæði eru um í öðrum greinum samnings þessa, skulu ákvæði þessarar greinar ekki hafa áhrif á gildi þeirra ákvæða.

8. gr.

Siglingar og loftferðir

1. Hagnaður af rekstri skipa eða loftfara í flutningum á alþjóðdaleiðum skal einungis skattlagður í því aðildarríki þar sem raunveruleg framkvæmdastjórn fyrirtækisins hefur aðsetur.
2. Ef aðsetur raunverulegrar framkvæmdastjórnar útgerðarfyrirtækis er um borð í skipi, skal hún teljast hafa aðsetur í því aðildarríki þar sem heimahöfn skipsins er, eða ef ekki er um slíka heimahöfn að ræða þá í því aðildarríki þar sem útgerðarmaður skipsins er heimilisfastur.
3. Þegar fyrirtæki í aðildarríki hlotnast hagnaður samkvæmt 1. tl. þessarar greinar af þátttöku í rekstrarsamvinnu ("pool"), sameiginlegu fyrirtæki eða alþjóðlegum

rekstrarsamtökum, skal hagnaðurinn sem telst til þessa fyrirtækis einungis skattlagður í því aðildarríki þar sem raunveruleg framkvæmdastjórn þessa fyrirtækis hefur aðsetur.

4. Þrátt fyrir ákvæði 7. gr. samnings þessa skal hagnaður fyrirtækis í aðildarríki af notkun, viðhaldi eða útleigu gáma (þ.m.t. tengivagnar og tengdur útbúnaður til flutnings á gámum) sem notaðir eru til flutnings á vörum einungis skattlagður í því aðildarríki þar sem raunveruleg framkvæmdastjórn þessa fyrirtækis hefur aðsetur, nema að því leyti sem þessir gámar eða tengivagnar og tengdur útbúnaður er eingöngu notaður til flutnings milli staða í hinu aðildarríkinu.

9. gr.

Tengd fyrirtæki

1. Þegar

a) fyrirtæki í aðildarríki tekur beinan eða óbeinan þátt í stjórn, yfirlitum eða fjármagni fyrirtækis í hinu aðildarríkinu, eða

b) sömu aðilar taka beinan eða óbeinan þátt í stjórn, yfirlitum eða fjármagni fyrirtækis í aðildarríki og fyrirtækis í hinu aðildarríkinu, og í öðru hvoru tilvikinu hlutaðeigandi fyrirtæki semja eða ákveða skilmála um innbyrðis samband sitt á viðskipta- eða fjármálasviðinu sem eru frábrugðnir því sem væri ef fyrirtækin væru hvort öðru óháð, má allur hagnaður, sem án þessara skilmála hefði runnið til annars fyrirtækisins, en rennur ekki til þess vegna skilmálanna, teljast sem hagnaður þess fyrirtækis og skattleggjast samkvæmt því af hlutaðeigandi aðildarríki.

2. Þegar aðildarríki telur með í hagnaði fyrirtækis í því ríki - og skattleggur samkvæmt því – hagnað sem fyrirtæki í hinu aðildarríkinu hefur verið skattlagt af í því ríki og hagnaðurinn sem þannig er innifalinn er hagnaður sem hefði runnið til fyrirtækisins í fyrrnefnda ríkinu ef skilmálarnir sem samið var um milli þessara tveggja fyrirtækja hefðu verið þeir sömu og samið hefði verið um milli óháðra fyrirtækja, þá skal hitt ríkið framkvæma viðeigandi leiðréttingu á fjárhæð álagðs skatts þar á þennan hagnað. Við ákvörðun slíkrar leiðréttingar skal fullt tillit tekið til annarra ákvæða samnings þessa og bær stjórnvöld aðildarríkjanna skulu, ef nauðsyn krefur, ráðgast sín á milli.

10. gr.

Ágóðahlutir

1.

a)

(i) Ágóðahluti móttekna frá félagi sem er heimilisfast í Sameinaða konungsríkinu af aðila heimilisföstum á Íslandi má skattleggja á Íslandi.

(ii) Þegar aðili heimilisfastur á Íslandi á rétt til skattainneignar að því er varðar slíkan ágóðahlut samkvæmt staflíð b) þessa töluliðar, má einnig skattleggja í Sameinaða konungsríkinu samkvæmt löggjöf Sameinaða konungsríkisins samanlagða fjárhæð eða verðmæti þessa ágóðahlutar og fjárhæð skattainneignarinnar með skattstigi sem ekki má herra vera en 15 af hundruði.

(iii) Að undanskildum ákvæðum staflíðar a) (ii) þessa töluliðar skulu ágóðahlutir móttæknir frá félagi heimilisföstu í Sameinaða konungsríkinu af aðila heimilisföstum á Íslandi, sem er raunverulegur rétthafi ágóðahlutanna, undanþegnir sérhverjum skatti af ágóðahlutum í Sameinaða konungsríkinu.

b) Aðili heimilisfastur á Íslandi sem móttækur ágóðahluti frá félagi sem er heimilisfastur í Sameinaða konungsríkinu skal, háð skilyrðum staflíðar c. þessa töluliðar og að því tilskildu að hann sé raunverulegur rétthafi ágóðahlutanna, eiga rétt til skattainneignar þar af á sama hátt og maður sem er heimilisfastur í Sameinaða konungsríkinu hefði haft rétt til hefði hann verið móttakandi ágóðahlutanna og rétt til greiðslu á þeirri fjárhæð sem skattainneigninni nemur umfram skyldu hans til greiðslu skatts í Sameinaða konungsríkinu.

c) Ákvæði staflíðar b. þessa töluliðar skulu ekki gilda þegar raunverulegur rétthafi ágóðahlutanna er félag eða er tengdur félagi sem eitt sér eða ásamt einu eða fleirum tengdum félögum hefur yfir að ráða, beint eða óbeint, a.m.k. 10 hundraðshlutum af atkvæðamagni í félaginu sem greiðir ágóðahlutina. Við beitingu þessa staflíðar skulu tvö félög teljast tengd ef annað þeirra ræður beint eða óbeint yfir meiru en 50 hundraðshlutum af atkvæðamagni í hinu félaginu eða þriðja félag ræður yfir meiru en 50 hundraðshlutum af atkvæðamagni þeirra beggja.

d)

(i) Þrátt fyrir ákvæði staflíða b. og c. þessa töluliðar, skal engin skattainneign greidd þegar raunverulegur rétthafi ágóðahlutanna er félag, að undanskildu félagi sem er með hlutabréf sín opinberlega skráð á verðbréfaþingi á Íslandi, nema félagið sýni fram á að yfirráð þess sé ekki í höndum aðila eða tveggja eða fleiri tengdra eða samtengdra aðila sem hefðu ekki átt rétt til skattainneignar ef hann eða þeir hefðu verið raunverulegir rétthafar ágóðahlutanna.

(ii) Við beitingu þessa staflíðar skal talið að aðili eða tveir eða fleiri tengdir eða samtengdir aðilar hafi yfirráð félags ef hann eða þeir gætu talist hafa yfirráð þess í sérhverjum tilgangi samkvæmt löggjöf Sameinaða konungsríkisins varðandi þá skatta sem samningur þessi tekur til og aðilar skulu taldir tengdir eða samtengdir ef þeir gætu talist svo í sérhverjum tilgangi samkvæmt þessari löggjöf. Samt sem áður, þegar maður er talinn hafa yfirráð í félagi eingöngu vegna þeirrar staðreyndar að hann á almennan flokk hlutabréfa í félaginu sem bera full atkvæðis- og arðsréttindi og þessi maður á ekki meira en 10 hundraðshluta af heildarfjölda slíkra hlutabréfa í félaginu, skulu hlutabréfin í eigu hans ekki talin með við ákvörðun á því hvort yfirráð félagsins eru á hendi aðila eða tveggja eða fleiri tengdra eða samtengdra aðila sem hefðu ekki átt rétt til skattainneignar ef hann eða þeir hefðu verið raunverulegir rétthafar ágóðahlutanna sem runnu til félagsins, þó að því tilskildu að ekki skal skilja undan meira en 25 hundraðshluta af heildarfjölda slíkra hlutabréfa í félaginu.

2. Ágóðahluti móttækna frá félagi sem er heimilisfastur á Íslandi af aðila heimilisföstum í Sameinaða konungsríkinu má skattleggja í Sameinaða konungsríkinu. Slíka ágóðahluti má einnig skattleggja á Íslandi í samræmi við íslenska löggjöf, en sé móttakandinn raunverulegur rétthafi ágóðahlutanna má skatturinn sem þannig er á lagður eigi vera hærri en:

a) 5 af hundraði af vergri fjárhæð ágóðahlutanna ef raunverulegi rétthafinn er félag (undanskilið er þó sameignarfélag) sem á beint að minnsta kosti 10 af hundraði eignarhlutdeild í félaginu sem ágóðahlutina greiðir;

b) 15 af hundraði af vergri fjárhæð ágóðahlutanna í öllum öðrum tilvikum.

3. Ágóðahluti móttekna frá félagi sem er heimilisfast á Íslandi af félagi heimilisföstu í Sameinaða konungsríkinu má, þrátt fyrir ákvæði staflíðar a. 2. tl. þessarar greinar, skattleggja á Íslandi með skattstigi sem ekki má hærra vera en 15 af hundraði af þeim hluta ágóðahlutanna sem hefur samkvæmt íslenskum lögum verið leyfður sem frádráttur frá hagnaði félagsins sem ágóðahlutina greiddi eða sem yfirfæranlegt rekstrartap þess.

4. Hugtakið "ágóðahlutir" skal við ákvörðun íslensks skatts fela í sér sérhverjar tekjur sem farið er með sem úthlutun samkvæmt íslenskum lögum og við ákvörðun skatts Sameinaða konungsríkisins fela í sér sérhverjar tekjur sem farið er með sem úthlutun samkvæmt lögum Sameinaða konungsríkisins.

5. Ákvæði 1. tl. eða, eftir því sem við á, 2. og 3. tl. þessarar greinar gilda ekki þegar raunverulegur rétthafi ágóðahlutanna er heimilisfastur í aðildarríki og hann rekur starfsemi í gegnum fasta atvinnustöð í hinu aðildarríkinu þar sem félagið sem greiðir ágóðahlutina er heimilisfast, eða hann leysir af hendi sjálfstæða starfsemi frá fastri stofnun staðsettri í síðarnefnda ríkinu og hlutareignin sem ágóðahlutirnir eru greiddir af er raunverulega bundin við slíka fasta atvinnustöð eða fasta stofnun. Í því tilviki skulu, eftir því sem við á, ákvæði 7. gr. eða 14. gr. samnings þessa gilda.

6. Ef félag sem er heimilisfast í aðildarríki fær hagnað eða tekjur frá hinu aðildarríkinu getur síðarnefnda ríkið hvorki skattlagt ágóðahlutina sem félagið greiðir nema að því leyti sem ágóðahlutirnir eru greiddir aðila heimilisföstum í síðarnefnda ríkinu eða að því leyti sem hlutareignin sem af eru greiddir ágóðahlutirnir er raunverulega bundin við fasta atvinnustöð eða fasta stofnun í síðarnefnda ríkinu né heldur lagt á óúthlutaðan hagnað félagsins skatt vegna óúthlutaðs hagnaðar. Þetta gildir jafnt þótt ágóðahlutirnir eða óúthlutaði hagnaðurinn séu að öllu eða nokkru leyti hagnaður eða tekjur sem hafa myndast í síðarnefnda ríkinu.

7. Ef raunverulegur rétthafi ágóðahlutar, sem er heimilisfastur í aðildarríki, á 10 hundraðshluta eða meira af þeim flokki hlutabréfa sem af er greiddur ágóðahluturinn, þá skulu ákvæði 1. tl. eða, eftir því sem við á, 2. og 3. tl. þessarar greinar ekki gilda varðandi ágóðahlutinn að svo miklu leyti sem hann gæti einungis hafa verið greiddur af hagnaði sem félagið sem ágóðahlutina greiðir aflaði eða af öðrum tekjum sem það móttók á tímabili sem lokið var 12 mánuðum eða meira fyrir hlutaðeigandi dagsetningu. Við beitingu þessa töluliðar merkir hugtakið "hlutaðeigandi dagsetning" þann dag sem raunverulegur rétthafi ágóðahlutarins varð eigandi 10 hundraðshluta eða meira af þeim flokki hlutabréfa sem um er að ræða. Ákvæði þessa töluliðar skulu þó ekki gilda ef raunverulegur rétthafi ágóðahlutarins sýnir fram á að hlutabréfanna var aflað vegna raunverulegra viðskiptalegra ástæðna en ekki fyrst og fremst í þeim tilgangi að verða sér úti um hagsbætur þessarar greinar.

11. gr.

Vextir

1. Vextir, sem myndast í aðildarríki, sem móttæknir eru af aðila sem er raunverulegur rétthafi þeirra og er heimilisfastur í hinu aðildarríkinu skulu einungis skattlagðir í síðarnefnda ríkinu.

2. Hugtakið "vextir" skal við ákvörðun íslensks skatts fela í sér sérhverjar tekjur sem farið er með sem vexti samkvæmt íslenskum lögum og við ákvörðun skatts Sameinaða konungsríkisins fela í sér sérhverjar tekjur sem farið er með sem vexti samkvæmt lögum Sameinaða konungsríkisins, en skal ekki fela í sér neinar tekjur sem farið er með sem ágóðahlut samkvæmt ákvæðum 10. gr. samnings þessa.

3. Ákvæði 1. tl. þessarar greinar gilda ekki þegar raunverulegur rétthafi vaxtanna er heimilisfastur í aðildarríki og hann rekur starfsemi í gegnum fasta atvinnustöð í hinu aðildarríkinu þar sem vextirnir mynduðust, eða hann leysir af hendi sjálfstæða starfsemi frá fastri stofnun staðsettri í síðarnefnda ríkinu, og skuldakrafan sem vextirnir eru greiddir af er raunverulega bundin við slíka fasta atvinnustöð eða fasta stofnun. Í því tilviki skulu, eftir því sem við á, ákvæði 7. gr. eða 14. gr. samnings þessa gilda.

4. Þegar, vegna sérstaks sambands milli greiðanda og raunverulegs rétthafa eða milli þeirra beggja og þriðja aðila, vaxtafjárhæðin er hærri, hver svo sem ástæðan er, en sú vaxtafjárhæð sem greiðandi og raunverulegur rétthafi hefðu samið um ef þetta sérstaka samband hefði ekki verið fyrir hendi, þá skulu ákvæði þessarar greinar einungis gilda um síðarnefndu fjárhæðina. Þegar þannig stendur á skal fjárhæðin sem umfram er vera skattskyld í samræmi við löggjöf hvors aðildarríkis um sig að teknu tilliti til annarra ákvæða samnings þessa.

5. Sérhverju ákvæði í lögum annars hvors aðildarríkis sem eingöngu lýtur að vöxtum greiddum félagi án heimilisfesti í aðildarríki skal ekki beita þannig að krafist verði að slíkir vextir greiddir félagi heimilisföstu í hinu aðildarríkinu verði með farnir sem úthlutun eða ágóðahlutur hjá því félagi sem greiddi vextina. Framangreind setning skal ekki gilda varðandi vexti greidda félagi með heimilisfesti í öðru hvoru aðildarríkjanna ef yfirlát meira en 50 hundraðshluta atkvæðisréttar í því eru beint eða óbeint í höndum eins eða fleiri aðila sem eru heimilisfastir í hinu aðildarríkinu.

6. Ákvæði þessarar greinar skulu ekki gilda ef skuldakrafan sem af eru greiddir vextirnir var mynduð eða framseld aðallega í þeim tilgangi að njóta hagræðis þessarar greinar, en ekki vegna raunverulegra viðskiptalegra ástæðna.

7. Ákvæði 1. tl. þessarar greinar skulu ekki gilda þegar raunverulegur rétthafi vaxtanna er félag, að undanskildu skráðu félagi, nema félagið sýni fram á að yfirlát þess séu ekki í höndum aðila eða tveggja eða fleiri tengdra eða samtengdra aðila, sem einn eða fleiri hefðu ekki átt rétt til ívilnunar samkvæmt 1. tl. þessarar greinar, ef hann hefði verið raunverulegur rétthafi vaxtanna.

8. Í sambandi við beitingu 7. tl. þessarar greinar:

a) er skráð félag sérhvert félag sem er með hlutabréf sín opinberlega skráð á verðbréfaþingi í því aðildarríki þar sem það er heimilisfast;

b) nema annað leiði af ákvæðum 9. tl. þessarar greinar, skal talið að aðili eða tveir eða fleiri tengdir eða samtengdir aðilar hafi yfirlát félags ef þeir gætu talist hafa yfirlát þess í sérhverjum tilgangi samkvæmt löggjöf þess aðildarríkis þar sem vextirnir mynduðust varðandi þá skatta sem samningur þessi tekur til og aðilar skulu taldir tengdir eða samtengdir ef þeir gætu talist svo í sérhverjum tilgangi samkvæmt þessari löggjöf.

9. Þegar maður er talinn samkvæmt staflið b. 8. tl. þessarar greinar hafa yfiráð í félagi eingöngu vegna þeirrar staðreyndar að hann á almennan flokk hlutabréfa í félaginu sem bera full atkvæðis- og arðsréttindi og þessi maður á ekki meira en 10 hundraðshluta af heildarfjölda slíkra hlutabréfa í félaginu, skulu hlutabréfin í eigu hans ekki talin með við ákvörðun á því hvort yfiráð félagsins eru á hendi aðila eða tveggja eða fleiri tengdra eða samtengdra aðila, þó að því tilskildu að ekki skal skilja undan meira en 25 hundraðshluta af heildarfjölda slíkra hlutabréfa í félaginu á þennan hátt.

12. gr. *Þóknanir*

1. Þóknanir móttæknar af aðila sem er raunverulegur réttihafi þeirra og er heimilisfastur í aðildarríki skulu einungis skattlagðar í því ríki.

2. Hugtakið "þóknanir" í þessari grein merkir hvers konar greiðslur sem tekið er við sem endurgjaldi fyrir afnot eða rétt til að hagnýta hvers konar höfundarrétt á bókmennta-, lista- eða vísindasviðinu (þar með taldar kvikmyndir og mynd- eða hljóðsegulbönd fyrir hljóðvarps- eða sjónvarpssendingar), hvers konar einkaleyfi, vörumerki, mynstur eða líkön, áætlanir, leynilega formúlu eða framleiðsluaðferð, eða fyrir afnot eða rétt til að hagnýta iðnaðar-, viðskipta- eða vísindabúnað eða fyrir upplýsingar um reynslu á sviði iðnaðar, viðskipta eða vísinda.

3. Ákvæði 1. tl. þessarar greinar gilda ekki þegar raunverulegur réttihafi þóknanna er heimilisfastur í aðildarríki og hann rekur starfsemi í gegnum fasta atvinnustöð í hinu aðildarríkinu, eða hann leysir af hendi sjálfstæða starfsemi frá fastri stofnun staðsettri í síðarnefnda ríkinu, og réttindin eða eignin sem þóknarnar stafa frá er raunverulega bundin við slíka fasta atvinnustöð eða fasta stofnun. Í því tilviki skulu, eftir því sem við á, ákvæði 7. gr. eða 14. gr. samnings þessa gilda.

4. Þegar, vegna sérstaks sambands milli greiðanda og raunverulegs réttihafa eða milli þeirra beggja og þriðja aðila, fjárhæð þóknanna er hærri, hver svo sem ástæðan er, en sú fjárhæð sem greiðandi og raunverulegur réttihafi hefðu samið um ef þetta sérstaka samband hefði ekki verið fyrir hendi, þá skulu ákvæði þessarar greinar einungis gilda um síðarnefndu fjárhæðina. Þegar þannig stendur á skal fjárhæðin sem umfram er vera skattskyld í samræmi við löggjöf hvors aðildarríkis um sig að teknu tilliti til annarra ákvæða samnings þessa.

5. Ákvæði þessarar greinar skulu ekki gilda ef réttindin eða eignin sem myndar rétt til þóknanna var mynduð eða framseld aðallega í þeim tilgangi að njóta hagræðis þessarar greinar, en ekki vegna raunverulegra viðskiptalegra ástæðna.

6. Ákvæði 1. tl. þessarar greinar skulu ekki gilda þegar raunverulegur réttihafi þóknanna er félag, að undanskildu skráðu félagi, nema félagið sýni fram á að yfiráð þess sé ekki í höndum aðila eða tveggja eða fleiri tengdra eða samtengdra aðila sem hefðu ekki átt rétt til ívilnunar samkvæmt 1. tl. þessarar greinar ef hann eða þeir hefðu verið raunverulegir réttihafar þóknanna.

7. Í sambandi við beitingu 6. tl. þessarar greinar:

a) er skráð félag sérhvert félag sem er með hlutabréf sín opinberlega skráð á verðbréfaþingi í því aðildarríki þar sem það er heimilisfast;

b) nema annað leiði af ákvæðum 8. t.l. þessarar greinar, skal talið að aðili eða tveir eða fleiri tengdir eða samtengdir aðilar hafi yfiráð félags ef þeir gætu talist hafa yfiráð þess í sérhverjum tilgangi samkvæmt löggjöf þess aðildarríkis þar sem þóknarnir mynduðust varðandi þá skatta sem samningur þessi tekur til og aðilar skulu taldir tengdir eða samtengdir ef þeir gætu talist svo í sérhverjum tilgangi samkvæmt þessari löggjöf.

8. Þegar maður er talinn samkvæmt staflíð b. 7. t.l. þessarar greinar hafa yfiráð í félagi eingöngu vegna þeirrar staðreyndar að hann á almennan flokk hlutabréfa í félaginu sem bera full atkvæðis- og arðsréttindi og þessi maður á ekki meira en 10 hundraðshluta af heildarfjölda slíkra hlutabréfa í félaginu, skulu hlutabréfin í eigu hans ekki talin með við ákvörðun á því hvort yfiráð félagsins eru á hendi aðila eða tveggja eða fleiri tengdra eða samtengdra aðila, þó að því tilskildu að ekki skal skilja undan meira en 25 hundraðshluta af heildarfjölda slíkra hlutabréfa í félaginu á þennan hátt.

13. gr.

Söluhagnaður af eignum

1. Hagnað, sem aðili heimilisfastur í aðildarríki hlýtur af sölu fasteignar sem nánar er skilgreind í 6. gr. samnings þessa, sem staðsett er í hinu aðildarríkinu, má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.
2. Hagnað, sem hlýst af sölu lausafjár sem er hluti atvinnurekstrareigna fastrar atvinnustöðvar sem fyrirtæki í aðildarríki hefur í hinu aðildarríkinu, eða lausafjár sem tilheyrir fastri stofnun sem aðili heimilisfastur í aðildarríki hefur til þess að leysa af hendi sjálfstæða starfsemi í hinu aðildarríkinu, má skattleggja í síðarnefnda ríkinu. Sama gildir um slíkan hagnað af sölu á slíkri fastri atvinnustöð (einni sér eða ásamt fyrirtækinu í heild) eða slíkri fastri stofnun.
3. Hagnað, sem hlýst af sölu skips eða loftfars sem notað er í flutningum á alþjóðaleiðum, eða lausafjár sem tengt er notkun slíks skips eða loftfars, skal einungis skattleggja í því aðildarríki þar sem raunveruleg framkvæmdastjórn fyrirtækisins hefur aðsetur.
4. Hagnað, sem fyrirtæki í aðildarríki hlýtur af sölu gáma (þ.m.t. tengivagnar og tengdur útbúnaður til flutnings á gámum) sem notaðir eru til flutnings á vörum, skal einungis skattleggja í því aðildarríki þar sem raunveruleg framkvæmdastjórn þessa fyrirtækis hefur aðsetur, nema að því leyti sem þessir gámar eða tengivagnar og tengdur útbúnaður er eingöngu notaður til flutnings milli staða í hinu aðildarríkinu.
5. Hagnað, sem hlýst af sölu annarra eigna en getið er í fyrri töluliðum þessarar greinar, skal einungis skattleggja í því aðildarríki þar sem seljandinn er heimilisfastur.

14. gr.

Sjálfstæð starfsemi

1. Tekjur, sem aðili heimilisfastur í aðildarríki hefur af sjálfstæðri starfsemi eða öðru sjálfstæðu starfi, skulu einungis vera skattskyldar í því ríki, nema hann hafi að jafnaði í hinu aðildarríkinu fasta stofnun til þess að leysa af hendi þessi störf sín. Ef hann hefur slíka fasta stofnun má leggja skatt á tekjurnar í hinu ríkinu, en þó einungis þann hluta þeirra sem rekja má til þessarar föstu stofnunar.

2. Hugtakið "sjálfstæð starfsemi" merkir einkum sjálfstæð störf á sviði vísinda, bókmennta, lista, kennslu- og uppeldismála, svo og sjálfstæð störf lækna, lögfræðinga, verkfræðinga, arkitekta, tannlækna og endurskoðenda.

15. gr.

Launað starf

1. Með þeim undantekningum, sem um ræðir í 16., 18. og 19. gr. sammings þessa, skulu starfslaun, vinnulaun og annað svipað endurgjald, sem aðili heimilisfastur í aðildarríki fær fyrir starf sitt, einungis skattskyld í því ríki, nema starfið sé innt af hendi í hinu aðildarríkinu. Ef starfið er innt af hendi þar má skattleggja endurgjaldið fyrir það í síðarnefnda ríkinu.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. tl. þessarar greinar skal endurgjald, sem aðili heimilisfastur í aðildarríki fær fyrir starf sem hann innir af hendi í hinu aðildarríkinu, einungis vera skattskýlt í fyrrnefnda ríkinu ef:

a) viðtakandinn dvelur í hinu ríkinu í eitt eða fleiri skipti, þó ekki lengur en 183 daga samtals á sérhverju tólf mánaða tímabili; og

b) endurgjaldið er innt af hendi af eða fyrir hönd vinnuveitanda sem ekki er heimilisfastur í hinu ríkinu; og

c) endurgjaldið er ekki gjaldfært hjá fastri atvinnustöð eða fastri stofnun sem vinnuveitandinn rekur í hinu ríkinu.

3. Þrátt fyrir framangreind ákvæði þessarar greinar má skattleggja endurgjald fyrir starf unnið um borð í skipi eða loftfari í flutningum á alþjóðaleiðum í því aðildarríki þar sem raunveruleg framkvæmdastjórn fyrirtækisins hefur aðsetur.

16. gr.

Stjórnarlaun

Stjórnarlaun og aðrar svipaðar greiðslur, sem aðili heimilisfastur í aðildarríki fær fyrir setu í stjórn í félagi sem heimilisfastur er í hinu aðildarríkinu, má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.

17. gr.

Listamenn og íþróttamenn

1. Þrátt fyrir ákvæði 14. og 15. gr. sammings þessa má skattleggja aðila heimilisfastan í aðildarríki af tekjum sem hann aflar í hinu aðildarríkinu af persónulegum störfum sem listamaður, svo sem leikhús- eða kvikmyndaleikari, listamaður í hljóðvarpi eða sjónvarpi eða tónlistamaður, eða sem íþróttamaður, í síðastnefnda ríkinu.

2. Þegar tekjur af starfi, sem framkvæmt er af listamanni eða íþróttamanni sem slíkum, renna ekki til listamannsins eða íþróttamannsins sjálfs heldur til annars aðila, má, þrátt fyrir ákvæði 7., 14. og 15. gr. sammings þessa, skattleggja tekjurnar í því aðildarríki þar sem starfsemi listamannsins eða íþróttamannsins fer fram.

18. gr.

Eftirlaun, lífeyrir, framfærslueyrir og greiðslur almannatrygginga

1. Með þeim undantekningum sem um ræðir í 2. tl. 19. gr. sammings þessa, skulu eftirlaun og aðrar svipaðar greiðslur, framfærslueyrir og lífeyrir, svo og eftirlaun og aðrar greiðslur frá almannatryggingum greiddar aðila heimilisföstum í aðildarríki, einungis skattlagðar í því ríki.
2. Hugtakið "lífeyrir" merkir tiltekna fjárhæð, sem greidd er manni með vissu millibili á tilteknum tímum í lifanda lífi eða yfir tiltekið tímabil eða tímabil sem unnt er að ákvarða, samkvæmt skuldbindingu um að inna þessar greiðslur af hendi gegn fullnægjandi eða fullu endurgjaldi í peningum eða ígildi peninga.
3. Þrátt fyrir ákvæði 1. tl. þessarar greinar, skal sérhver greiðsla framfærslulífeyris eða annarra meðlaga, sem innt er af hendi af aðila heimilisföstum í aðildarríki til aðila heimilisfasts í hinu aðildarríkinu, einungis skattlögð í fyrrnefnda ríkinu, ef greiðandinn hefur ekki notið ívilnunar í skatti vegna greiðslunnar.

19. gr.

Opinbert starf

1.
 - a) Endurgjald, að undanteknum eftirlaunum, sem greitt er af aðildarríki, stjórn landshluta eða sveitarstjórn þess til manns fyrir störf hans í þjónustu þessa ríkis, stjórnar landshluta eða sveitarstjórnar, skal einungis skattleggja í því ríki.
 - b) Þrátt fyrir ákvæði stafliðar a. þessa töluliðar skal þó einungis skattleggja slíkt endurgjald í hinu aðildarríkinu ef starfið er innt af hendi þar og maðurinn er heimilisfastur í því ríki og:
 - (i) er ríkisborgari þess ríkis; eða
 - (ii) tók ekki upp heimilisfesti í því ríki einvörðungu í þeim tilgangi að inna þetta starf af hendi.
2.
 - a) Eftirlaun, sem greidd eru af eða úr sjóðum stofnuðum af aðildarríki, stjórn landshluta eða sveitarstjórn þess til manns fyrir störf hans í þjónustu þessa ríkis, stjórnar landshluta eða sveitarstjórnar, skal einungis skattleggja í því ríki.
 - b) Þrátt fyrir ákvæði stafliðar a. þessa töluliðar skal þó einungis skattleggja slík eftirlaun í hinu aðildarríkinu ef maðurinn er þar heimilisfastur og er ríkisborgari þess ríkis.
3. Ákvæði 15., 16. og 18. gr. sammings þessa skulu gilda um endurgjald og eftirlaun greidd fyrir störf innt af hendi í sambandi við starfsemi sem rekin er af aðildarríki, stjórn landshluta eða sveitarstjórn þess.

20. gr.

Námsmenn og starfsnemar

Námsmaður eða starfsnemi, sem er eða var síðast fyrir komu sína til aðildarríkis heimilisfastur í hinu aðildarríkinu og sem dvelur í fyrrnefnda ríkinu einungis vegna náms síns eða þjálfunar, skal ekki vera skattlagður í fyrrnefnda ríkinu af greiðslum

sem hann fær til að standa straum af framfærslu sinni, námi eða þjálfun, enda séu slíkar greiðslur til hans runnar frá aðilum utan þess ríkis.

21. gr.

Aðrar tekjur

1. Tekjur, aðrar en tekjur sem greiddar eru út úr fjárvörslustofnunum eða dánarbúum undir skiptum, sem aðili sem er raunverulegur réttihafi þeirra og er heimilisfastur í aðildarríki aflar og ekki er fjallað um í fyrri greinum sammings þessa, skal einungis skattleggja í því ríki og skiptir ekki máli hvar þeirra er aflað.
2. Tekjur greiddar út úr fjárvörslustofnunum eða dánarbúum undir skiptum má skattleggja í báðum aðildarríkjunum.
3. Ákvæði 1. t.l. þessarar greinar gilda ekki um tekjur, aðrar en tekjur af fasteign, sbr. skilgreiningu í 2. t.l. 6. gr. sammings þessa, þegar móttakandi teknanna er heimilisfastur í aðildarríki og hann rekur starfsemi í gegnum fasta atvinnustöð í hinu aðildarríkinu, eða hann leysir af hendi sjálfstæða starfsemi frá fastri stofnun staðsettri í síðarnefnda ríkinu og réttindin eða eignin sem tekjurnar stafa frá er raunverulega bundin við slíka fasta atvinnustöð eða fasta stofnun. Í því tilviki skulu, eftir því sem við á, ákvæði 7. gr. eða 14. gr. sammings þessa gilda.

22. gr.

Aðferð til að komast hjá tvísköttun

1. Í samræmi við ákvæði laga Sameinaða konungsríkisins varðandi veitingu frádráttar frá skatti Sameinaða konungsríkisins á greiðsluskyldum skatti á landssvæðum utan Sameinaða konungsríkisins (sem ekki skulu hafa áhrif hér á almennar grundvallarreglur):

a) skal íslenskur skattur sem greiðsluskyldur er samkvæmt íslenskum lögum og í samræmi við ákvæði sammings þessa, hvort heldur beint eða sem frádráttur, af hagnaði, tekjum eða skattskyldum söluhagnaði sem myndast hefur á Íslandi (undantekning gildir þó varðandi ágóðahlut að því er tekur til greiðsluskyldu skatts af þeim hagnaði sem varið er til greiðslu ágóðahlutarins) leyfður sem frádráttur frá sérhverjum skatti Sameinaða konungsríkisins reiknuðum með hliðsjón af sama hagnaði, tekjum eða skattskyldum söluhagnaði sem er grunnurinn að útreikningi íslenska skattsins;

b) sé um að ræða ágóðahlut greiddan af félagi með heimilisfesti á Íslandi til félags með heimilisfesti í Sameinaða konungsríkinu sem hefur yfir að ráða beint eða óbeint a.m.k. 10 hundraðshlutum af atkvæðamagni í félaginu sem greiðir ágóðahlutinn, skal taka með í reikningi frádráttarins (í viðbót við sérhvern íslenskan skatt sem veita má sem frádrátt samkvæmt ákvæðum staflíðar a. þessa töluliðar) íslenska skattinn sem greiðsluskyldur er af félaginu af þeim hagnaði sem af var greiddur slíkur ágóðahlutur.

2.

a) Þegar aðili heimilisfastur á Íslandi hefur tekjur sem samkvæmt ákvæðum sammings þessa má skattleggja í Sameinaða konungsríkinu, skal Ísland – nema annað leiði af ákvæðum staflíðar b. þessa töluliðar – undanþiggja þessar tekjur skattlagningu, en má, þegar reiknaður er skattur af öðrum tekjum þessa aðila, nota

þann skattstiga sem notaður hefði verið ef undanþegnu tekjurnar hefðu ekki verið þannig undanþegnar.

b) Þegar aðili heimilisfastur á Íslandi hefur tekjur sem skattleggja má í Sameinaða konungsríkinu samkvæmt ákvæðum 10., 16. og 17. gr. og 2. tl. 21. gr. samnings þessa skal Ísland leyfa sem frádrátt frá skatti af tekjum þessa aðila fjárhæð jafna skatti greiddum í Sameinaða konungsríkinu. Frádráttur þessi skal þó ekki nema hærri fjárhæð en þeim hluta skattsins reiknaðs áður en frádráttur er veittur sem svarar til teknanna frá Sameinaða konungsríkinu.

3. Við beitingu 1. og 2. tl. þessarar greinar skal hagnaður, tekjur og söluhagnaður eigna sem aðili heimilisfastur í aðildarríki aflar og sem skattleggja má í hinu aðildarríkinu samkvæmt samningi þessum talinn eiga uppruna sinn í síðarnefnda aðildarríkinu.

23. gr.

Jafnrétti

1. Ríkisborgarar aðildarríkis skulu ekki sæta annarri eða þyngri skattlagningu eða kröfum í því sambandi í hinu aðildarríkinu en ríkisborgarar þess ríkis sæta eða gætu sætt við sömu aðstæður.

2. Skattlagning fastrar atvinnustöðvar sem fyrirtæki í aðildarríki hefur í hinu aðildarríkinu skal ekki vera óhagstæðari í síðarnefnda ríkinu en skattlagning á fyrirtæki þar sem hafa sams konar starfsemi með höndum.

3. Eigi ákvæði 1. tl. 9. gr., og 4. og 5. tl. 11. gr. eða 4. tl. 12. gr. ekki við skulu vextir, þóknun og aðrar greiðslur frá fyrirtæki í aðildarríki til aðila heimilisfasts í hinu aðildarríkinu vera frádráttarbærar við ákvörðun skattskyldra tekna slíks fyrirtækis eftir sömu reglum og greiðslur til aðila heimilisfasts í fyrirnefnda ríkinu.

4. Þótt fjármagn fyrirtækja í aðildarríki sé að öllu eða nokkru leyti, beint eða óbeint, í eigu eða stjórn að einum eða fleirum aðilum, sem eru heimilisfastir í hinu aðildarríkinu, skulu þau ekki vera háð annarri eða þyngri skattlagningu eða öðrum skyldum í því sambandi í fyrirnefnda ríkinu en fyrirtæki svipaðrar tegundar í því ríki eru eða gætu orðið háð.

5. Engin ákvæði þessarar greinar skal skýra þannig að þau skyldi annað hvort aðildarríkið til að veita mönnum án heimilisfesti í því ríki neina þá persónufrádrætti, ívilnanir og lækkun skatta sem það veitir mönnum þar heimilisföstum.

6. Ákvæði þessarar greinar skulu gilda um þá skatta sem um er að ræða samkvæmt samningi þessum.

24. gr.

Framkvæmd gagnkvæms samkomulags

1. Þegar aðili telur að ráðstafanir sem gerðar eru af öðru hvoru eða báðum aðildarríkjunum leiði til eða muni leiða til skattlagningar að því er hann varðar sem ekki er í samræmi við ákvæði samnings þessa, getur hann, án þess að það raski rétti hans til að færa sér í nyt réttarvernd sem löggjöf þessara ríkja kveður á um, lagt málið fyrir bært stjórnvald í því aðildarríki þar sem hann er heimilisfastur.

2. Ef bært stjórnvald telur að mótmælin séu á rökum reist en getur þó ekki sjálft leyst málið á viðunandi hátt skal það leitast við að leysa málið með gagnkvæmu samkomulagi við bært stjórnvald í hinu aðildarríkinu í því skyni að komist verði hjá skattlagningu sem ekki er í samræmi við ákvæði samnings þessa.

3. Bær stjórnvöld í aðildarríkjunum skulu með gagnkvæmu samkomulagi leitast við að leysa sérhvern vanda eða vafaatriði varðandi skýringu eða beitingu ákvæða samningsins. Þau geta einnig ráðgast sín á milli til íhugunar ráðstafana til að sporna við óviðeigandi notkun ákvæða samnings þessa.

4. Bær stjórnvöld í aðildarríkjunum geta haft beint samband sín á milli í því skyni að gera samkomulag í samræmi við það sem um er rætt í þessari grein.

25. gr.

Skipti á upplýsingum

1. Bær stjórnvöld í aðildarríkjunum skulu skiptast á þeim upplýsingum sem nauðsynlegar eru vegna framkvæmdar ákvæða samnings þessa eða innlendrar löggjafar aðildarríkjanna varðandi þá skatta sem samningurinn tekur til að því leyti sem viðkomandi skattlagning er í samræmi við samninginn, einkum til að koma í veg fyrir svik og til að auðvelda framkvæmd lagaákvæða sem sporna við því að komist verði hjá skattlagningu. Allar upplýsingar mótteknar af aðildarríki skal með fara sem trúnaðarmál á sama hátt og upplýsingar sem aflað er samkvæmt innlendri löggjöf þess ríkis og skal eingöngu gera kunnar aðilum eða stjórnvöldum (þar með töldum dómstólum og framkvæmdaraðilum) sem hafa með höndum ákvörðun eða innheimtu á þeim sköttum eða fullnustu- eða ákærvald varðandi þá skatta sem samningurinn tekur til. Þessir aðilar eða stjórnvöld skulu nota upplýsingarnar eingöngu í greindum tilgangi. Þeir mega þó gera þessar upplýsingar opinberar við málarekstur fyrir dómstólum eða í dómsniðurstöðum.

2. Ákvæði 1. tl. þessarar greinar skal í engu tilviki skýra þannig að þau leggi á aðildarríki skyldu til:

a) að framkvæma stjórnarráðstafanir sem víkja frá löggjöf eða stjórnvenju þess sjálfs eða hins aðildarríkisins,

b) að láta í té upplýsingar sem ekki er unnt að afla samkvæmt löggjöf eða eðlilegri stjórnvenju þess sjálfs eða hins aðildarríkisins,

c) að láta í té upplýsingar sem mundu ljóstra upp leyndarmálum eða framleiðsluaðferðum á sviði atvinnamála, viðskipta, iðnaðar, verslunar eða annarrar starfsemi, svo og upplýsingar sem gagnstætt er almenningshagsmunum (ordre public) að gefa.

26. gr.

Sendiráðsmenn eða starfsmenn fastanefnda og ræðisstofnana

Ákvæði samnings þessa skulu ekki hafa áhrif á neinar þær skattaávilnanir sem sendiráðsmenn eða starfsmenn fastanefnda eða ræðisstofnana njóta samkvæmt almennum þjóðréttarreglum eða ákvæðum sérstakra samninga.

27. gr.
Gildistaka

1. Hvort aðildarríkjanna um sig skal tilkynna hinu aðildarríkinu að nauðsynlegri málsmeðferð samkvæmt löggjöf þess að því er varðar gildistöku samningsins hafi verið lokið.

2. Samningurinn skal taka gildi á þeim degi sem síðari tilkynningin hefur verið móttækin og skal að svo búnu beitt:

a) á Íslandi: að því er varðar skatta af tekjum og söluhagnaði eigna sem aflað er frá og með 1. janúar, þar með talið sérhvert reikningsár sem lýkur á því tímabili;

b) í Sameinaða konungsríkinu:

(i) að því er varðar tekjuskatt og skatt af söluhagnaði eigna, fyrir sérhvert álagningarár sem hefst 6. apríl eða síðar;

(ii) að því er varðar félagaskatt fyrir sérhvert fjárhagsár sem hefst 1. apríl eða síðar; í báðum tilvikum á því almanaksári sem fylgir næst á eftir því ári sem síðari tilkynningin var móttækin og síðari ár.

3. Samkomulag milli Íslands og Sameinaða konungsríkisins um gagnkvæma undanþágu frá tekjuskatti af skipaútgærd sem undirritað var í Lundúnum 27. apríl 1928 skal falla úr gildi og skal ekki beitt frá og með þeim degi sem beita skal ákvæðum samnings þessa að því er tekur til þeirra skatta sem samningur þessi tekur til samkvæmt ákvæðum 2. tl. þessarar greinar.

28. gr.
Uppsögn

Samningur þessi skal gilda þar til honum er sagt upp af öðru hvoru aðildarríkjanna. Eftir árið 1995 getur hvort aðildarríkjanna um sig sagt upp samningi þessum með tilkynningu um uppsögn eftir diplómátskum leiðum eigi síðar en sex mánuðum fyrir lok sérhvers almanaksárs. Í slíku tilviki skal samningnum ekki beitt:

a) á Íslandi: að því er varðar skatta af tekjum og söluhagnaði eigna fyrir sérhvert álagningarár skatta álagðra á tekjur og söluhagnað eigna á því almanaksári (þar með talið reikningsár sem lýkur á slíku ári) sem fylgir næst á eftir því ári sem tilkynning um uppsögn var send og síðari ár;

b) í Sameinaða konungsríkinu:

(i) að því er varðar tekjuskatt og skatt af söluhagnaði eigna, fyrir sérhvert álagningarár sem hefst 6. apríl á því almanaksári sem fylgir næst á eftir því ári sem tilkynningin var send eða síðar;

(ii) að því er varðar félagaskatt fyrir sérhvert fjárhagsár sem hefst 1. apríl á því almanaksári sem fylgir næst á eftir því ári sem tilkynningin var send eða síðar.

Þessu til staðfestu hafa fulltrúar, sem til þess höfðu fullt umboð ríkisstjórna sinna, undirritað samning þennan.

Gjört í tvíriti í Reykjavík, 30. september 1991 á íslensku og ensku og skulu báðir textarnir jafngildir.

Fyrir hönd ríkisstjórnar

Fyrir hönd ríkisstjórnar

Lýðveldisins Íslands:

Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og
Norður-Írlands:

Sigurbjörn Þorbjörnsson

Patrick Wogan